



Níundi stjórnarfundur landsstjórnar DKG haldinn að Hallgerðargötu 9a í Reykjavík föstudaginn 18. október 2024, klukkan 13.00 – 14.30

Mættar voru:

Árný Elíasdóttir landsforseti, Málfríður Þórarinsdóttir 1. varaforseti, Vilborg Ása Bjarnadóttir 2. varaforseti, Ásta Egilsdóttir ritari, Björg Eiríksdóttir gjaldkeri, Guðrún Edda Bentsdóttir fyrrverandi landsforseti og Eygló Börnsdóttir vefstjóri sem var á Zoom. Rósa Marta Guðnadóttir meðstjórnandi og Soffía Vagnsdóttir formaður Menntamálanefndar boðuðu forföll.

Dagskrá fundar:

Upprifjun frá fundi framkvæmdaráðs 7. september 2024

- Tenging landssambandsþings og 50 ára afmælisráðstefnu DKG.
- Útgáfa afmælisrits DKG í tilefni 50 ára afmælis landssambandsins. Útgáfan verður rafræn en einnig verða nokkur prentuð eintök. Útgáfunefnd hefur verið skipuð:
 - o Pernille Rein, lötadeild, formaður
 - o Lee Ann Maginnis, Nýdeild
 - o Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfadeild
 - o Sigrún Jóhannesdóttir, Deltadeild
- Stofnfélagar heiðraðir. Þar er um að ræða stofnfélaga í Alfadeild árið 1975 og í Beta- og Gammadeild árið 1977.
- Styrkur til Menntasjóðs Mæðrastyrksnefndar. Framkvæmdaráðsfundur samþykkti að stjórn DKG tæki ákvörðun um fyrirkomulagið og var ákveðið að það yrði fjárframlag. Upphæðin ekki endanlega ákveðin, rætt um tvö hundruð og fimmtíu til þrjú hundruð þúsund krónur en einnig hvað það kosti sjóðinn að styrkja eina konu til náms árlega. Árný kannar hvað kemur best út. Rætt um að hvetja deildir til aðgerða til styrktar sjóðnum, t.a.m. að kaupa kertið Mæðrablómið á mæðradaginn.
- Hvetja félagskonur DKG sem einstaklinga til að kynna sér erindi Mýdeildar um stuðning við konur í fræðslustörfum á stríðshráðum svæðum og veita stuðning ef þær geta.
- Deildir vinni að samfélagsverkefnum á sínu svæði sem ná út fyrir samtökin og sé með einhverjum hætti opin fyrir alla.
- Uppfærsla félagatals og skipan nýrra stjórna deilda innan DKG.
 - o Áhersla lögð á að deildir uppfæri félagatal í upphafi hvers starfsárs og setji upplýsingar um nýja stjórn, gjaldkera og vefstjóra á vefinn. Mikilvægt að allt sé rétt til að auðvelda öll samskipti við félagskonur.
 - o Eygló setur saman tillögu að sniðmáti fyrir félagatalið, sendir stjórn sem metur hana og sendir áfram til framkvæmdaráðs til umfjöllunar og samþykktar.
 - o Ljúka þarf við að uppfæra og skila inn „FORM 72“ sem tryggir tengingu við alþjóðavefinn. Eygló hefur þegar sent út tvo pósta til vefstjóra vegna þessa. Sendir eina ítrekun enn og hefur þá formenn deilda með þannig að þeir séu meðvitaðir um málið.
- Um framkvæmdaráðsfund.

- Mikilvægt að gefa rúman tíma til fyrirspurna þegar nýir formenn koma og fara vel yfir vefi DKG.
- Þarf sér fundi fyrir vefstjóra? Ekki endilega þar sem góðar leiðbeiningar eru á vef DKG og góðan stuðning ætíð að fá hjá Eygló vefstjóra DKG.

Afmæli/þing undirbúningur – næstu skref

- Ráðstefnan verður haldin í Salnum í Kópavogi.
- Hátíðarkvöldverður verður á Grand-hótel í salnum Háteigi.
- Árný og Málfríður ganga frá málum er varða mat á báðum stöðum og gistingu á Grand-hótel.
- Rætt um niðurgreiðslur úr sjóðum DKG en ekkert ákveðið. Bent á styrki frá stéttarfélögum sem flestar félagskonur geta sótt í, þ.e. fyrir ráðstefnugjaldi, ferðakostnaði og gistingu.
- Ákvörðun um dagskrá verður í höndum Menntamálanefndar í samráði við stjórn DKG. Inntakið verður að vekja athygli á mikilvægi kvenna í fræðslustörfum og að efla konur til dádá á sviði fræðslumála. Rætt um að:
 - fá nýjan menntamálaráðherra til að halda móttöku fyrir „þingkonur“ og flytja þar erindi sem samræmist inntaki þingsins. Reyna að hafa þá móttöku á Grand-hótel.
 - bjóða Höllu Tómasdóttur forseta Íslands til ráðstefnunnar og að halda þar opunarerindi.

Jólaefni frá Íslandi

- Tillaga sett fram um að Betadeild taki verkefnið að sér og þá hugsanlega með aðstoð Mýdeildar. Eygló mun kanna það mál.

Önnur mál

- Rætt um greiðslur fyrir Zoom reikning landsforseta. Guðrún fyrrverandi landsforseti fékk rukkun eftir að starfi hennar lauk. Gengið verður frá málinu.
- Rætt um ferðakostnað nefndarkvenna og ákveðið að greiða eldsneytiskostnað.
- Opnað verður fyrir skráningu á ráðstefnuna í Brighton eftir áramót.

Fundi slitið kl. 14.36

Ásta Egils

Ritari DKG 2024 - 2025